

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 22. febrúar 2022.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993 (gjafsókn). 152. löggjafarþing 2021-2022. Þingskjal 333 - 233. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993 (gjafsókn). Félagið fagnar ofangreindu frumvarpi og tekur undir það sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu um mikilvægi þess að löggjafinn leggi *sérstaka áherslu á þolendur kynferðisbrota og þolendur ofbeldisbrota í nánnum samböndum með því að beita ívilnandi löggjöf svo að þolendur umræddra brota geti, þrátt fyrir niðurfellingu mála á rannsóknar- og ákærustigi eða sýknu í sakamáli, leitað leiða til að sækja bætur á hendur þeim sem verkið framdi.*

Hér er um að ræða mikilvæga réttarbót fyrir þolendur kynferðisbrota og ofbeldisbrota í nánnum samböndum að geta sótt skaða- eða miskabætur úr hendi þess sem ofbeldinu beitir og fá þannig ákveðna viðurkenningu á málinu, þar sem lítill hluti slíkra brota fer alla leið í dómkerfinu. Ljóst er að það er ekki á allra færi að höfða dómsmál sökum mikils kostnaðar og því er frumvarpið til þess fallið að draga úr ójöfnuði við að sækja bótarétt fyrir dómstólum.

Félagsráðgjafafélag Íslands vill beina því til stjórnvalda að fylgja því eftir að ákvæði frumvarpsins komi til framkvæmda, verði það að lögum. Einnig þarf að tryggja þeim sem verða fyrir ofbeldi aðgang að ráðgjöf og stuðningi fagaðila á öllum stigum máls, svo sem félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Þeir búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er fimm ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður